

## athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir ásvallabraut

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : laufeyvil@gmail.com  
**CC** : thalldorsson@wh.is;halldisuna@gmail.com;laufey.vilhjalmsdottir@wh.is  
**Heiti** : athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir ásvallabraut  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 18.05.2017 20:59:40  
**Höfundur** : laufeyvil@gmail.com

Við heimilisfólk erum ekki sátt við þessa tillögu. Hér að neðan eru athugasemdir sem ég (Laufey) skrifaði einnig á fb í Ásland3 grúbbunni:

"Ég bý í þeim húsum sem munu liggja næst brautinni og er ekkert glöð með að fá hraðbraut við garðinn hjá mér. Þegar ég keypti húsið var einmitt búið að slá útaf borðinu að vegurinn ætti að liggja hér fyrir neðan og það leit út fyrir að Kaldárselsvegur yrði notaður í þessa braut.

Svo breyttist það og allt í einu var brautin komin aftur her fyrir neðan en á öðrum stað en upphaflega. Ég var eins og fleiri búin að setta mig við þetta í fyrstu - einhversstaðar verður þessi vegur víst að vera - en hélt að þetta ætti bara að vera tengivegur milli hverfa með lítilli umferð. Eftir að hafa lesið greinargerðina er ég sammála því að þetta er allt ansi loðið orðalag og í raun er verið að skilja alla enda eftir opna fyrir meiri framkvæmdir en koma þarna fram, meiri umferð og þessháttar í framtíðinni. Sem vekur upp margar spurningar sem ég hef ekki séð nein svör við. Þessi hljóðmön sem mun ekki gagnast okkur hér í enda hverfisins því húsin standa svo hátt?? Er það bara ok? :(

Það sem ég hef einnig verið að velta fyrir mér, til hvers er verið að hafa tvo vegi í kringum hestúsin? Mér finnst furðulegt að hestamenn séu sáttir við þá ráðstöfun að vera innilokaðir af tveimur vegum? Eiga að vera undirgöng undir Kaldárselsveg yfir á reiðstígana fyrir hestafólk og útivistarfólk? Á að byggja undirgöng eða hafa gangbrautir einhversstaðar á nýja veginum svo hægt sé að komast yfir í útivistarsvæðið hinumegin við Kaldárselsveginn? Ég sé á hverjum degi fullt af fólki, börn og fullorðnir sem ganga hér niður úr enda Furuás niður í hestúsahverfið og til að komast yfir í skóginn hinumegin við Kaldárselsveg. Enda myndast hér slóðar sumar sem vetur svo það fer ekkert á milli mála að gangandi umferð er töluverð yfir þetta svæði. Fólk er ekkert að fara að labba langar leiðir til að komast yfir götuna á einhverri gangbraut mörg hundrum metrum lengra í burtu svo ég er strax farin að hafa áhyggjur af krökkunum hlaupandi yfir umferðargötur."

Semsagt:

Ekki virðist vera á hreinu hversu stór þessi framkvæmd er, s.s. umferðarþungi. Á þetta að vera ofanbyggðarvegur eða ekki? Misvísandi upplýsingar hafa verið gefnar upp, bæði opinberlega og í svörum bæjarfulltrúa.

Þau hús sem standa næst veginum verða fyrir mikilli truflun v. hávaða m.a. og sjónmengunar.

Skorið á tengingu hverfis við náttúruna og gönguleiðir í dalnum. Hvar eru undirgöngin, gangbrautirnar?

Til hvers er verið að hafa 2 vegi hér í dalnum? Þarf að fara yfir 2 vegi til að komast í göngutúr í skóginn?

Kveðja

Laufey Vilhjálmisdóttir 1112684799

Torfi Rafn Halldórsson 1808694689

Haldís Una Hreiðarsdóttir 2610932869

Furuás 27, Hfj.